

## AUGLÝSING

126

31. des.

um fullgildingu milliríkjasamnings milli Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,  
um gagnkvæma veitingu barnastyrkja.

Hinn 28. desember 1951 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal varðandi milliríkjasamning milli Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gagnkvæma veitingu barnastyrkja, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í Helsingfors hinn 28. ágúst 1951. Samningurinn gengur í gildi 1. janúar 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, 31. desember 1951.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

Fylgiskjal.

Milliríkjasamningur milli Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,  
um gagnkvæma veitingu barnastyrkja.

Forseti lýðveldisins Íslands, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um gagnkvæma barnastyrki, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

forsætis- og félagsmálaráðherra Steingrím Steinþórsson;

forseti lýðveldisins Finnlands:

félagsmálaráðherra Vihtori Vesterinen;

Hans hátign konungur Noregs:

félagsmálaráðherra Aaslaug Aasland;

Hans hátign konungur Svíþjóðar:

félagsmálaráðherra Gustav Möller,

sem að fengnum nauðsynlegum umboðum hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Sérhvert samningsríkja skuldbindur sig til þess að greiða barnastyrk í samræmi við ákvæði þessa samnings með barni, ef það sjálf, faðir þess eða móðir er ríkisborgari í einhverju hinna samningsríkjanna.

Þeir, sem áður voru ríkisborgarar í samningsríki og ekki hafa öðlast ríkisfang í öðru ríki, njóta sama réttar og ríkisborgarar samningsríkjanna, sömuleiðis þeir, sem eru ríkisborgarar í einhverju samningsríkjanna og öðlast ríkisborgararétt í öðru ríki, án þess að missa við það ríkisborgararétt í samningsríkinu.

2. gr.

Með barnastyrkjum er í samningi þessum átt við:

Á Íslandi: Fjölskyldubætur samkv. II. kafla 30.—33. gr. laga um almannatryggingar frá 7. maí 1946, sbr. 5., 9. og 25. gr. laga nr. 51 frá 20. marz 1951.

Í Finnlandi: Styrki samkvæmt lögum frá 22. júlí 1948, um barnastyrki.

Í Noregi: Styrki samkvæmt lögum frá 24. október 1946, um barnatryggingar, og

Í Svíþjóð: Styrki samkvæmt lögum frá 26. júlí 1947, um almenna barnastyrki.

## 3. gr.

Skilyrði fyrir rétti til barnastyrkja samkvæmt samningi þessum eru:

1. Á Íslandi: að barnið og foreldri þess eða fyrirvinna séu búsett og skráð í manntal á Íslandi og hafi dvalizt þar óslitið a. m. k. 6 mánuði áður en greiðslur fjölskyldubóta hefjast.
2. Í Finnlandi: að barnið hafi dvalið í landinu a. m. k. 6 mánuði samfleytt, að það sé skráð í kirkjubækur eða hliðstæða skrá þar í landi, svo og að barnið dvelji hjá einhverjum, sem er búsettur og skráður á manntal í Finnlandi.
3. Í Noregi: að barnið sé búsett þar í landi og hafi dvalið þar a. m. k. 6 mánuði samfleytt.
4. Í Svíþjóð: að barnið sé búsett og skráð í kirkjubækur þar í landi og dvelji hjá einhverjum, sem er búsettur og skráður á manntal í Svíþjóð.

Að öðru leyti gilda ákvæði dvalarlandsins um greiðslur barnastyrkja til þess eigin ríkisborgara.

Eftir að barnastyrkur hefur einu sinni verið greiddur með barni í dvalarlandinu samkvæmt samningi þessum, getur það dvalið utan þess lands í allt að því tvo mánuði, án þess að samfelld dvöl þar teljist slitna við það.

Samningurinn tekur ekki til barna, sem starfsmenn í utanríkisþjónustu samningsríkjanna eiga eða framfæra.

## 4. gr.

Nú er barnastyrkur samkvæmt samningi þessum veittur eða krafinn og skal þá hlutaðeigandi stjórnvald í dvalarlandinu tilkynna það svo fljótt, sem auðið er, hlutaðeigandi stjórnvaldi í því landi, sem barnið eða foreldrar þess hafa flutzt frá eða — ef svo ber undir — í því landi, sem þau hafa flutt til. Í Svíþjóð er þetta hlutaðeigandi stjórnvald félagsmálastjórnin (socialstyrelsen), en í öðrum samningsríkjum félagsmálaráðuneytin.

## 5. gr.

Dvalarlandið skal standa straum af öllum útgjöldum, sem veiting barnastyrkja samkvæmt þessum samningi hefur í för með sér.

## 6. gr.

Samningur þessi skerðir ekki rétt hvers samningsríkjanna til þess að breyta löggjöf sinni um barnastyrki, enda verði réttur ríkisborgara engra hinna samningsríkjanna við það lakari en þess eigin ríkisborgara. Eigi skerðir samningurinn heldur rétt hvers samningsríkis til þess að setja almenn ákvæði um rétt erlendra manna til dvalar í landinu. Þess háttar ákvæði mega þó ekki miða að því að sniðganga samning þenna.

## 7. gr.

Samning þenna skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í finnska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem kostur er.

Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir almanaksmánuðir frá þeim degi er samningsríkin skiptust á fullgildingarskjölum.

## 8. gr.

Vilji eitthvert samningsríkjanna segja upp samningi þessum, skal það tilkynna finnsku ríkisstjórninni það skriflega, en hún skal tafarlaust skýra hinum samningsríkjunum frá tilkynningunni og á hvaða degi hún hafi borizt henni.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem segir samningnum upp, og gildir hún frá og með 1. janúar þess árs, sem hefst að liðnum a. m. k. sex mánuðum frá því að finnsku ríkisstjórninni barst tilkynning um uppsögnina.

Samninginn skal varðveita í skjalasafni finnska utanríkisráðuneytisins og staðfest afrit af honum skal utanríkisráðuneytið senda ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna. 126 31. des.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þenna milliríkjasamning.

*Gert í Helsingfors hinn 28. ágúst 1951 í einu eintaki á íslenzku, finnsku, norsku, en í tveim á sænsku.*

Steingrímur Steinþórsson. Vihtori Vesterinen  
Aaslaug Aasland. Gustav Möller.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

127  
24. maí

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna aukinnar lánsfjarþarfar Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar, sé nauðsynlegt að hækka lánsheimild þá, er um ræðir í 2. gr. laga nr. 63/1950, um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja, upp í 40 millj. kr. og þar sem verið er að vinna að öflun lánsfjár, sé nauðsynlegt að setja bráðabirgðalög um hækkun lánsheimildarinnar.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til að hækka nú þegar lánsheimild þá, er hér um ræðir, til Sogs- og Laxárvirkjunarinnar, gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 40 millj. króna í erlendri mynt hjá Alþjóðabankanum í Washington og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 63/1950.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.*

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*